

*Efnahags- og
viðskiptaráðuneyti*

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd
Sendandi: Efnahags- og viðskiptaráðuneytið
Dagsetning: 24.05.2012
Málsnúmer: EVR12030101
Bréfalykill: 12.1

Efni: Frumvarp til breytinga á lögum um gjaldeyrismál - viðbrögð við umsögnum.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur nú til umfjöllunar frumvarp til breytinga á lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál. Þann 22. maí sl. óskaði nefndin eftir því að fá minnisblað frá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu þar sem brugðist væri við helstu athugasemdum sem nefndinni hafa borist við frumvarpið.

Auk þessa minnisblaðs vísar efnahags- og viðskiptaráðuneytið til kynningar ráðuneytisins á frumvarpinu og minnisblaðs þar sem farið er yfir helstu atriði frumvarpsins, dags. 17.04.12., minnisblaðs er fjallar um auknar heimildir SÍ til upplýsingaöflunar, dags. 20.04.12., og minnisblaðs þar sem þess er óskað að nefndin geri tvennskonar breytingar á frumvarpinu í meðförum sínum, dags. 16.05.12.

Almennt eru umsagnir um frumvarpið jákvæðar enda meginmarkmið þess að losa um gjaldeyrishöft. Hins vegar er nokkuð um að gerðar séu athugasemdir við tvennt, annars vegar auknar heimildir SÍ til upplýsingaöflunar og hins vegar hækkun fjárhæðarmarka stjórnvaldssekta. Verður nánar farið yfir þau atriði hér að aftan. Þar að auki er sérstök umfjöllun um umsögn Kaupþings hf. og umsögn Lúðvíks Júlíussonar.

1. Auknar heimildir SÍ til upplýsingaöflunar.

Ráðuneytið hefur áður farið yfir heimildir SÍ til upplýsingaöflunar í fyrrgreindu minnisblaði dags. 20.04.12. Þar eru heimildir SÍ bornar saman við heimildir FME sem hefur víðtækar heimildir til upplýsingaöflunar. Er þar m.a. vísað til heimildar sem FME eru veittar í lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sem og lögum nr. 161/2002 um fjármálaþyrtingu. Þá hefur SÍ skilað minnisblaði til nefndarinnar, dags. 23.05.12., þar sem farið er yfir viðbrögð SÍ við umsögn Persónuvernda. Í sérstökum kafla í minnisblaðinu er ber heitið "*Nauðsyn upplýsingaöflunar vegna eftirlits*" er farið ítarlega yfir ástæður þess að lagðar eru til umræddar breytingar og tekur ráðuneytið undir þær skýringar sem koma fram í kaflanum.

2. Hækkun fjárhæðarmarka stjórnvaldssekta.

Í umsögnum um frumvarpið er nokkuð gagnrýnd sú tillaga að hækka fjárhæðarmörk stjórnvaldssekta sem SÍ er heimilt að leggja á vegna brota á ákvæðum lagana eða reglum settum á grundvelli þeirra. Líkt og segir í athugasemdum með frumvarpinu var Seðlabanka Íslands, með lögum nr. 78/2010, fengið það hlutverk sem Fjármálaeftirlitið hafði áður, að rannsaka ætluð brot á lögnum og leggja eftir atvikum á stjórnvaldssektir vegna slíkra brota og tóku fjárhæðir stjórnvaldssekta mið af þeim heimildum sem Fjármálaeftirlitið hefur. Ljóst er að með lögum um gjaldeyrismál hafa verið settar nokkuð víðtækar takmarkanir sem ætlað er að tryggja stöðugleika í gengis- og peningamálum og er Seðlabanka Íslands fengið það hlutverk sem sérfræðistjórnvaldi á því sviði að hafa eftirlit með því að slíkar takmarkanir séu virtar. Við eftirlit og rannsóknir Seðlabanka Íslands á meintum brotum gegn lögum um gjaldeyrismál og reglum settum á grundvelli þeirra hefur komið í ljós að þær fjárhæðir sem hin meintu brot lúta að eru í mörgum tilfellum verulegar og kunna oft á tíðum að skipta hundruðum

milljóna króna. Í þessu sambandi verður að líta til þess að eðli og áhrif brota á lögum um gjaldeyrismál er nokkuð annað en eðli brota sem heimildir Fjármálaeftirlitsins, til þess að leggja á stjórnvaldssektir fela í sér, og upphaflegu fjárhæðarmörkin tóku mið af. Við ákvörðun á fjárhæðum stjórnvaldssekta vegna brota á lögum um gjaldeyrismál og reglum settum á grundvelli þeirra verður að líta til hins sérstæða eðlis og þeirra almennu áhrifa sem brot á lögum um gjaldeyrismál kunna að hafa fyrir þjóðarbúið. Slík brot geta valdið alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum sem leitt getur til gengislækkunar íslensku krónunnar og dregið á gjaldeyrisforða þjóðarinnar. Slík áhrif grafa jafnframt undan og tefla í tvísýnu áætlun um afnám gjaldeyrishafta sem Seðlabanki Íslands birti 25. mars 2011.

Í nágildandi lögum er gert ráð fyrir að hægt sé að ljúka minni brotum með beitingu stjórnvaldssekta en að meiri háttar brot verði kærð til lögreglu. Við mat á því hvort að brot telst minniháttar eða meiriháttar verður m.a. að taka mið af sektarfjárhæðum. Markmið með beitingu stjórnvaldssekta er að skilvirkni er meiri og kostnaður minni og að slík mál taka oftast styttri tíma en mál sem kærð eru til lögreglu og fara í farveg sakamálarannsókna. Þá er ljóst að til að stjórnvaldssektir nái tilgangi sínum og hafi forvarnaráhrif þurfa þær að vera nægilega háar. Eins og áður segir eru fjárhæðir sem hin meintu brot líta að í mörgum tilfellum verulegar og nauðsynlegt að sektarramminn sem SÍ hefur taki mið af þeirri staðreyndi.

Í ljós framangreinds telur ráðuneytið réttlætanlegt í þessu tilfalli að hækka fjárhæðarmörk stjórnvaldssekta líkt og lagt er til í frumvarpinu.

3. Umsögn Kaupþings hf.

Samkvæmt 5. mgr. 13. gr. n. í gjaldeyrislögum ber SÍ að setja reglur um hvernig undanþágur frá 2. mgr. 13. gr. b í lögum um gjaldeyrismál verði veittar vegna reiðufjár í erlendum gjaldeyri sem til fellur eftir 12. mars 2012 og er í eigu lögaðila skv. 4. mgr. hjá erlendum fjármálaþyrirtækjum eða hjá SÍ. Ákvæði var lögfest með lögum nr. 17/2012 og var þá sérstaklega tiltekið að SÍ skyldi setja þessar reglur svo fljótt sem verða mætti en Kaupþing hf. gerir í umsögn sinni athugasemdir við að slíkar reglur hafi ekki verið settar. Ráðuneytið telur mikilvægt að þessar reglur verði settar hið fyrsta. Það mál er hins vegar á forræði SÍ og samkvæmt upplýsingum frá SÍ stendur vinna við gerð reglnanna yfir.

Hvað aðrar athugasemdir Kaupþings hf. varðar hefur þeim verið svarað í minnisblaði SÍ til nefndarinnar, dags. 20.05.12., og tekur ráðuneytið undir þær skýringar sem þar koma fram.

4. Umsögn Lúðvíks Júlíussonar.

Í umsögn Lúðvíks Júlíussonar er að finna tvennskonar tillögur að lagabreytingum. Fyrri tillagan lítur að því að fjármagnstekjur undir ákveðinni lágmarksfjárhæð verði undanþegnar skilaskildu. Líkt og segir í athugasemdum með frumvarpinu eru rökin fyrir rýmkun einkum þau að gefa aðilum, sem heimild hafa til endurfjárfestingar samkvæmt ákvæðinu, lengri tíma til að ákveða hvort þeir nýti sér heimild ákvæðisins til að endurfjárfesta en ekki síður að gefa þeim aðilum tækifæri á að safna saman endurfjárfestanlegum fjármunum í skilningi ákvæðisins í allt að sex mánuði áður en endurfjárfest er. Þannig geta aðilar með lágar fjármagnstekjur safnað tekjunum saman í allt að sex mánuði áður en tekin er ákvörðun um að endurfjárfesta. Samkvæmt upplýsingum frá SÍ er ekki mikið um undanþágubeiðnir vegna þessa. Ráðuneytið telur því að ekki sé ástæða til að kveða á um að fjármagnstekjur undir ákveðinni fjárhæð séu undanþegnar skilaskildu.

Síðari tillagan lítur að því að hækka hámarksheimild til gjaldeyriskaupa vegna gjafa úr 3.000.000 kr. í 6.000.000 kr. Samkvæmt upplýsingum frá SÍ telur bankinn að töluverð hætta sé á að ákvæðið sé misnotað og þar af leiðandi sé ekki æskilegt að leggja til hækkun á fjárhæðinni. Lítið hafi verið um undanþágubeiðnir en hins vegar séu undanþágur alltaf veittar ef málefnalegar ástæður liggja fyrir. Ráðuneytið telur því ekki ástæðu til að gera umræddar breytingar.

